

Verkefni 5

Opna "Verkefni" í My World

Fyrir þetta verkefni þarftu að hafa nokkuð stórt, slétt svæði. Þarf að vera a.m.k. 20 x 20 að stærð. Ef þú finnur það ekki þá þarftu að búa það til.

1. Búðu til vegg, fyrir miðju við einn enda svæðisins, úr 40 trékössum. Veggurinn má ekki vera breiðari en 8 og á að vera gerður úr 4 mismunandi litum. Þú ræður hversu margir kassar eru úr hverjum lit en þarft að nota alla 4 litina. Punktaðu niður hjá þér hversu margir kassar eru úr hverjum lit.
2. 15 lengdum frá veggnum áttu að búa til línu sem er samsíða veggnum. Þú ræður hvernig línan er. Það getur verið mjór skurður eða girðing eða hvað sem er en ekki hærra en einn kassi.
3. Þú átt að vera fyrir aftan línuna. Náðu í boga. Þú átt að skjóta 20 örvum í vegginn. Eftir hvert skot þarftu að merkja við í tíðnitöfluna (sem þú færð hjá kennara) í hvað lit þú hittir.
4. Eftir 20 skot áttu að gera smá verkefni í Excel úr tíðnitöflunni
 - a. Færðu upplýsingarnar úr tíðnitöflunni inn í Excel
 - b. Reiknaðu út prósentu hversu oft var hitt í hvern lit
 - c. Gerðu grein fyrir tíðasta gildinu
 - d. Gerðu myndrit
 - e. Neðst á Excel skjalinu stendur Blað 1. Hægri smelltu og endurnefndu Skot. Smelltu á + merkið við hliðina og nefndu nýja flipann Veggur
 - f. Gerðu aðra töflu í Veggur þar sem fram kemur fjöldi kassa í hverjum lit í veggnum
 - g. Reiknaðu út líkurnar á að hitta hvern lit.
5. Vistaðu Excel skjalið sem Minecraft-verkefni 5 og skilaðu inn á Teams

Muna að vista heiminn í Minecraft

Hérna er dæmi um hvernig skal byrja í Excel

Litur Skot

Gulur	8
Rauður	5
Grænn	3
Blár	4
Samtals	20